



Til bæjarráðs

Kópavogi, 8. apríl 2025
2402741/201.00 ABS

Efni: Áhrif Kópavogsmóðelsins í leikskólum Kópavogs um stöðu breytinga kerfisins út frá þeim markmiðum sem sett voru í upphafi

Þann 1. september 2023 tóku gildi breytingar í leikskólum Kópavogs. Breytingarnar, sem samþykktar voru í Bæjarráði 23. júní 2023 og vísað til afgreiðslu í Bæjarstjórn 27. júní s.á., byggðu á tillögum starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla sem skipaður var af bæjarráði.

Úr skýrslu starfshóps:

Áherslur í tillögum starfshópsins miða að því að draga úr álagi í starfsumhverfi barna og starfsfólks, draga úr mönnunarpörf ásamt því að tryggja faglegt starf og fullnægjandi viðveru starfsfólks með börnum. Markmið starfshópsins með tillögugerðinni er fyrst og síðast að tryggja að velferð og vellíðan barna og starfsfólks sé höfð að leiðarljósi í allri stefnumörkun í málaflokknum. Leiðirnar að þessu markmiði eru m.a. eftirfarandi:

- *Stytta dvalartíma barna*
 - *Draga úr álagsupplifun barna og starfsfólks*
 - *Skapa betra rými til náms og samveru barna og starfsfólks*
 - *Auðvelda útfærslu og framkvæmd vinnutímastyttingar starfsfólks*
 - *Draga úr veikindatíðni og fyrirbyggja lokanir*
 - *Skapa svigrúm fyrir starfsfólk til að sinna undirbúningi skólastarfs*
- *Styrkja starfsumhverfi, þjálfun og menntun starfsfólks*
 - *Laða að nýtt starfsfólk*
 - *Halda í núverandi starfsfólk*

Í ágúst 2023 áður en breytingar tóku gildi bauð menntasvið foreldrum í öllum leikskólum á kynningarfundi. Á fundunum var gerð grein fyrir helstu áskorunum í starfsemi leikskólanna og nauðsyn þess að innleiða breytingar til að stuðla að bættum stöðugleika í starfsumhverfi barna og starfsfólks. Jafnframt var útskýrt í hverju breytingarnar fælust og hvaða ávinningi þær ættu að skila.

Markmið með breytingunum var að styrkja skipulag leikskólastarfs og viðveru starfsfólks með börnum. Í umræðu starfshóps var lögð áhersla á að breytingarnar myndu hafa áhrif á meðaldvalartíma barna og mönnunarpörf leikskóla til að ná því markmiði. Einn liður í breytingunum fólst í breytingu á gjaldskrá leikskóla en leikskólagjöld hafa um árabil verið mjög lágt hlutfall af heildarrekstrarkostnaði eða á bilinu 10-12% og hefur hlutfallið farið lækkandi. Vegna lágra leikskólagjalda hafa foreldrar gjarnan skráð lengri dvalartíma en nýtingin var í raun og veru. Á



kynningarfundum var m.a. biðlað til foreldra að endurskoða fjölda skráðra dvalartíma eftir því sem aðstæður væru til. Einnig var foreldrum bent á þann sveigjanleika sem í boði er í skráningu dvalartíma þar sem hægt er að skrá mismunandi dvalartíma milli daga og því í mörgum tilfellum hægt að aðlaga dvalartíma eftir þörfum og aðstæðum foreldra.

Um leið og breytingar tóku gildi í september 2023 kom fram mjög jákvæð þróun á fjölda dvalartíma barna. Áður en breytingar voru innleiddar var meðal dvalartími 8,05 klst. á dag en strax á fyrsta mánuði breytinga, eða september 2023, fór meðal fjöldi dvalarstunda niður í 7,56 klst. á dag og í dag er meðaldvalartími kominn í 7,3 klst. á dag. Þessi hraða þróun er langt umfram þær væntingar sem gerðar voru við upphaf innleiðingar og má tvímælalaust rekja ástæðuna til þeirra breytinga sem gerðar voru á gjaldskrá leikskólagjalda.

Þær breytingar sem gerðar voru á gjaldskrá leikskólagjalda hafa því haft þau áhrif að foreldrar leitast við að nýta sér aukinn sveigjanleika og greiða aðeins fyrir dvalartíma í samræmi við raun nýtingu. Fyrir breytingar var þekkt að stór hluti foreldra skráði rýmri dvalartíma en þörf var fyrir þar sem það munaði litlu í kostnaði. Sem fyrr segir var í kynningum á breytingunum lögð áhersla á að hvetja foreldra til að skoða hver væri í reynd þörf þeirra fyrir dvalartíma og þróunin hefur sýnt að foreldrar hafa sannarlega brugðist við því ákalli.

Aðrar breytingar á dvalartíma barna fólu í sér að strax í september 2023 fór hlutfall barna í 6 tíma dvöl eða skemur úr 1,9% í 18,3%. Frá þeim tíma hefur þetta hlutfall farið stigvaxandi og er nú 25,8% og er því um 1 af hverjum 4 börnum í 6 tíma dvöl eða skemur sem er langt umfram þær væntingar sem lagt var upp með. Fyrir breytingar voru um 85% barna í 8 tíma dvöl eða lengur en nú eru um 41,5% barna í 8 tíma eða lengur. Rúmlega 50% barna er með styttri dvalartíma nú en áður.

Áhrif þessarar þróunar er sú að dregið hefur úr mönnunarpörf og mannauðurinn nýtist betur yfir daginn á þeim tímum sem flest börn eru á staðnum, sem skiptir sköpum fyrir skipulag leikskólastarfs. Fækkun dvalartíma hefur haft jákvæð áhrif á starfsumhverfi leikskóla og samhliða dregið úr álagi og stöðugleiki aukist. Öll börn njóta jákvæðra áhrifa þessara breytinga, bæði þau sem eru í styttri dvöl og líka þau sem eru í lengri dvöl, þar sem aðstæður þeirra eru betri, viðvera starfsfólks með börnum mun meiri, álag minna, mönnun betri, faglegt starf styrkara og stöðugleiki í starfsumhverfinu meiri.

Betur hefur gengið að ráða í lausar stöður og hafa ekki verið jafn fá laus pláss í leikskólum Kópavogs í langan tíma. Breytingarnar hafa auk þess skapað betri aðstæður til þess að mæta breyttum kröfum kjarasamninga um breytingar á vinnutíma og auknum fjölda undirbúningstíma leikskólakennara. Breytingarnar hafa einnig gert leikskólastjórnendum betur kleift að leysa úr afleysingum og veikindafjarveru. Dregið hefur úr skammtíma veðkindum og markvisst er unnið að því áfram að hafa áhrif á veikindatíðni. Stöðugleiki hefur því aukist til muna og ekki komið til skerðingar á



starfsemi eða lokunum deilda um lengri eða skemmri tíma eins og reglulega kom til fyrir breytingar. Skólaárið 2022- 2023 voru 212 tilvik þar sem leikskólastarf var skert og loka þurfti deild í einn dag eða meira. Skólaárið 2023- 2024 voru engin tilfelli þar sem deild var lokað og ekki hefur þurft að loka deild það sem af er skólaárinu 2025.


Sú hagræðing sem skapaðist við innleiðingu Kópavogsmóðelsins var nýtt til að styrkja starfsumhverfi barna og starfsfólks enn frekar. Í þeim tilgangi var stöðuhlutfall aðstoðarleikskólastjóra hækkað, ráðnir húsumsjónarmenn og viðmið um grunnmönnun/barngildi á deildum breytt, bæði fyrir 5-6 ára börn og 4-5 ára börn. Allt í samræmi við tillögur starfshóps í leikskólamálum. Þess má að lokum geta að inntökualdur yngstu barna á leikskóla Kópavogs verður 14 mánuðir í haust, sem er mun betri niðurstaða en náðst hefur síðustu ár.

Það dylst því engum að Kópavogsmóðelið hefur haft mjög jákvæð áhrif á leikskólastarf í sveitarfélaginu.

Hér að neðan má sjá þróun á dvalartímum barna á tímabilinu janúar 2023 (fyrir breytingar) til mars 2025.

Dvalartími	jan. 2023	sep. 2023	okt. 2023	nóv. 2023	des. 2023	jan. 2024	feb. 2024	mar. 2024	apr. 2024	maí 2024	jún. 2024	des. 2024	mar. 2025
4	5	7	6	5	4	2	3	1	1	2	4	3	4
4.25	1												
4.5	2	1	1									1	2
4.75				1	1	1	1	1					
5	5			3	2	2	2	2	2	2	2	3	4
5.25		1	1	1	3	2	4	3	3	3	2	1	1
5.5	4	5	5	6	5	4	3	4	4	2	2	7	7
5.75	2	1	1	2	2	1	3	2	2	2	2	2	3
6	19	328	343	407	427	422	434	443	461	455	474	510	512
6.25	2	7	9	4	5	4	6	6	6	6	9	9	4
6.5	18	19	23	15	17	21	23	25	28	25	23	35	33
6.75	8	15	15	19	23	23	23	22	20	23	22	30	31
7	68	129	142	149	146	154	155	159	159	158	155	160	168
7.25	15	53	52	68	72	69	67	68	69	76	77	87	82
7.5	98	166	173	201	191	211	206	216	218	217	203	219	205
7.75	52	74	77	102	107	104	105	108	106	108	114	130	147
8	910	607	619	603	592	593	575	566	561	569	561	549	580
8.25	186	133	139	135	138	133	137	139	138	136	134	124	117
8.5	520	288	291	242	235	230	231	222	216	215	215	150	143
8.75	32	11	16	19	15	16	15	16	15	15	15	15	17
9	51	26	28	17	17	16	16	16	16	17	16	11	10
Samtals	1998	1871	1941	1999	2002	2008	2009	2019	2025	2031	2030	2046	2070

	jan. 2023	sep. 2023	okt. 2023	nóv. 2023	des. 2023	jan. 2024	feb. 2024	mar. 2024	apr. 2024	maí 2024	jún. 2024	des. 2024	mar. 2025
Meðal dvalartími	8.05	7.56	7.49	7.47	7.45	7.45	7.43	7.42	7.40	7.41	7.39	7.31	7.31
Hlutfall 6 tíma og undir	1.9%	18.3%	18.4%	21.3%	22.2%	21.6%	22.4%	22.6%	23.4%	22.9%	23.9%	25.8%	25.7%
Hlutfall 8 tíma og yfir	85.0%	56.9%	56.3%	50.8%	49.8%	49.2%	48.5%	47.5%	46.7%	46.9%	46.4%	41.5%	41.9%





Samanburður við önnur sveitarfélög

Í þeim sveitarfélögum sem Kópavogur ber sig gjarnan saman við hafa einnig verið innleiddar breytingar á leikskólaumhverfinu síðustu mánuði. Þar hefur verið horft til þeirra breytinga sem innleiddar voru í Kópavogi en ekki hefur náðst sami árangur varðandi þróun dvalartíma. Leiða má líkum að því að ástæðan sé sú að ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á gjaldskrá. Í þessum sveitarfélögum hefur sveigjanleiki foreldra varðandi skráningu dvalartíma verið minni ásamt því að útfærsla gjaldfrjáls leikskóla er bundin við ákveðið marga tíma innan dagsins meðan Kópavogsbær miðar við 30 stundir á viku. Í þessum sveitarfélögum hafa jafnframt verið sett viðmið um hámarksdvalarstundir sem foreldrar geta keypt, sem ekki hefur verið tekið upp í Kópavogi.

Meðfylgjandi tafla sýnir meðaldvalartíma barna í fjórum sveitarfélögum.

	Kópavogur	Hafnarfjörður	Akureyri	Garðabær
Meðaldvalartími	7,31	7,93	7,64	7,52

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigrún Hulda Jónsdóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

